



SAMNINGUR
UM NOTKUN Á ORÐ- OG MYNDMERKINU „ÍSLENSKT- STAÐFEST“



SAMNINGUR

um leyfi til notkunar orð- og myndmerkisins „ÍSLENSKT STAÐFEST“

1. Leyfi

Íslenskt staðfest ehf., kt. 420822-1700, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (í samningi þessum *ÍS*), veitir hér með

Nafn fyrirtækis og kennitala (í samningi þessum *notandi*) _____

leyfi til að nota orð- og myndmerkið „*ÍSLENSKT STAÐFEST*“¹ (í samningi þessum *upprunamerkið*).

Í samningi þessum eru sett fram réttindi og skyldur notanda til notkunar á upprunamerkinu.

Leyfis-/umsóknarnúmer: _____

Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum eru óframseljanleg, sbr. þó 1. mgr. 9. gr..

2. Notkun upprunamerkisins

Notanda er heimilt að nota upprunamerkið að því gefnu að *notandi* uppfylli neðangreindar kröfur:

- Notandi* fylgir og uppfyllir öll skilyrði sem sett eru fram í Staðli um notkun upprunamerkisins Íslenskt Staðfest (í samningi þessum *staðallinn*), sem telst hluti af samningi þessum.
- Notandi* og vara notanda uppfylli reglur sem gilda um markaðssetningu og merkingu vara.
- Aðrir aðilar (undirverktakar) sem framleiða, pakka og/eða merkja vörurnar að beiðni *notanda*, þurfa jafnframt að uppfylla kröfurnar og reglur er gilda um notkun upprunamerkisins.
- Ef undirverktaki notanda þakkar eða selur vöru notanda undir öðru vörumerki en *notandi* notar almennt fyrir sínar vörur skal undirverktakinn gera sérstakan samning við *ÍS* um leyfi til að nota orð- og myndmerkið „ÍSLENSKT STAÐFEST“.

Geri *ÍS* breytingar á kröfum sem settar eru fram í staðlinum skal það tilkynnt *notanda*. Breytingar á reglum gilda ekki afturvirk. Séu breytingarnar þess eðlis að *notandi* telur sig ekki geta uppfyllt ný viðmið, hefur *notandi* heimild til að segja samningnum upp, sbr. 7. gr.

3. Leyfisgjöld og kostnaður

Notandi skuldbindur sig til þess að greiða leyfisgjöld og kostnað sem hér segir

3.1. Umsækjendur greiða kr. 100.000,- gjald við umsókn um notkun upprunamerkisins til að mæta kostnaði merkiseiganda við upplýsingaöflun og afgreiðslu umsóknar. Gjaldið er eingreiðsla, skráning einstakra vörunúmera ber ekki skráningargjald. Umsóknargjald er greitt þegar umsókn er lögð inn.

3.2. Leyfisgjöld eru byggð á annars vegar föstu árgjaldi (a-liður) og hins vegar veltutengdu árgjaldi (b-liður), notendur greiða hvoru tveggja.

¹ Skráð dags. 04.02.2022, skráningarnr.V0124662



a) Fast árgjald notenda byggir á þrepaskiptu gjaldi út frá heildarársveltu á öllum matvælum og/eða plöntum, gjaldið er reiknað með eftirfarandi hætti.

Þrepaskipt fast árgjald	Árgjald
Undir 25 milljónum	100.000
25-500 milljónir	150.000
500-1000 milljónir	300.000
1.000-2.500 milljónir	600.000
2500-5000 milljónir	1.200.000
5.000 milljónir +	2.500.000

b) Veltutengt árgjald af merktum vörum er 0,1% af nettósölu upprunamerktra vörunúmera notenda með ársveltu yfir kr. 25.000.000. Veltutengt árgjald er aðeins tengt við vörur sem nýta upprunamerkið.

Fyrirtæki sem hafa leyfi til notkunar upprunamerkisins og framleiða einnig í undirverktöku (e. private label) fyrir önnur fyrirtæki sem einnig hafa leyfi til notkunar upprunamerkisins skulu gæta þess að draga frá veltu vegna undirverktöku í þeim tilfellum.

Ef notandi gerir samning við undirverktaka um pökkun og/eða sölu framleiðsluvöru sem uppfyllir skilyrði staðal ÍSLENSKT STAÐFEST skal slík sala talin með við útreikning árgjalds notanda.

Lágmarksárgjald er kr. 25.000 skv. b-lið að viðbættu föstu gjaldi skv. a. lið.

Hámarksárgjald skv. a og b-lið samtals er kr. 7.500.000.

ATH. Veltutengt árgjald verður fyrst innheimt fyrir veltu á árinu 2026, skv. c lið.

c) Fyrsti gjalddagi leyfisgjalda er að jafnaði 1. júní árið eftir undirritun samnings um notkun. Gjöld skulu reiknuð hlutfallslega fyrir þann tíma sem upprunamerkið hefur verið notað á síðasta almanaksári, ef notandi getur ekki aðgreind upplýsingar um veltu vara fyrir þann tíma sem upprunamerkið hefur verið notað. Þá skal notast við heildarveltu fyrir árið hvort sem það er árgjald eða veltutengt gjald og skal heildarupphæð deilt í tólf (12) og margfalda upphæðina með fjölda mánaða samningstímabils.

3.3. Framhaldsúttektir skulu greiddar sérstaklega af notanda og eru greidd eftir reikningi frá úttektaraðila. Sjá nánar um fyrirkomulag eftirlits og framhaldsúttektir í 5. kafla staðals.

3.4. Bændur sem eru meðlimir í Bændasamtökum Íslands og eru með ársveltu undir kr. 25.000.000 af upprunamerktri vöru fá helmings afslátt (50%) af leyfisgjöldum og kostnaði samkvæmt staðlinum.



3.5. Breytingar á leyfisgjaldi og kostnaði skulu tilkynntar fyrir 30. september ár hvert og gildir fyrir gjaldtöku næsta árs þar á eftir. Árgjald er greitt í febrúar á hverju ári.

4. Úttektir

Notandi skal tryggja að innra eftirlit sé framkvæmt árlega á eigin starfsstöðvum og hjá undirverktökum, sbr. skilyrði í 5. kafla staðalsins.

Til viðbótar við innra eftirlit þá eru framkvæmdar reglulegar úttektir hjá notanda og undirverktökum hans sem fara með vinnslu, pakkningu og eða merkingar viðkomandi vara, sbr. skilyrði í 6. kafla staðalsins. Úttektir eru framkvæmdar af þriðja aðila og eru almennt tilkynntar og framkvæmdar á að minnsta kosti 2ja ára fresti.

5. Kynning

Notandi heimilar að nafn þess sé birt á vefsíðunni merkisins, www.stadfest.is og á öðrum miðlum. *ÍS* er jafnframt heimilt að taka saman og birta tölfræði og greiningar sem tengjast notkun vörumerkisins.

6. Trúnaður

Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda trúnaði um upplýsingar sem annar aðili hefur fengið frá honum, sem eru þess eðlis að líta beri á sem viðskiptaleyndarmál hins aðilans. Aðilar skulu einnig gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkar upplýsingar komist í hendur utanaðkomandi starfsmanna.

ÍS skal eingöngu fá aðgang að og nota upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla ákvæði samningsins. *ÍS* er heimilt að nota auðkenndar upplýsingar í tölfræði og greiningar um framgang merkisins. *ÍS* er óheimilt að nota auðkenndar upplýsingar í tölfræði og greiningar um stöðu *notanda* á markaði.

7. Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir frá og með móttöku og skráningu hjá *ÍS*, enda hafi hann verið undirritaður og sendur *ÍS*. Uppsögn skal berast skriflega og er uppsagnarfrestur þrjú (3) mánuðir. Í uppsögn skal koma fram hvenær sölu viðkomandi vöru/vara er hætt og ásamt síðasta framleiðsludegi.

ÍS er heimilt að segja samningnum upp með þriggja (3) mánaða uppsagnarfresti. Komi til verulegra vanefnda af hálfu notanda, t.a.m. vegna brota gegn ákvæðum í staðlinum, ásamt viðaukum, er *ÍS* heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust. Til verulegra vanefnda telst, en er ekki takmarkað við, að notandi hefur ekki bætt úr frávikum innan frests eða gjöld ekki greidd innan tilskilins tíma. Komi til fyrirvaralausrar uppsagnar fellur réttur notanda til að nota upprunamerkið niður. *ÍS* er heimilt að veita undanþágu, ef notandi veitir upplýsingar um hvenær sölu á þegar framleiddum vörum lýkur.

Að öðru leyti fer um vanefndir samkvæmt 7. kafla staðalsins.

8. Álagning sektar

Taki *ÍS* ákvörðun um tímabundið bann við notkun merkisins eða segir upp samningnum fyrirvaralaus er merkiseiganda heimilt að leggja sektir á *notanda* sbr. gr. 7.1.4. í staðlinum, sem samsvarar allt að tvöföldu leyfisgjaldi notanda fyrir notkun á merkinu miðað við notkun



sl. 12 (tólf) mánuði, að lágmarki kr. 700.000. Legst sektin við önnur gjöld sem heimilt er að innheimta samkvæmt samningi aðila.



9. Ýmis ákvæði

Allar breytingar á samningi þessum skulu gerðar skriflega og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Rísi ágreiningur milli aðila, skulu þeir leitast við að leysa ágreininginn í sátt og verja til þess a.m.k. fjórum (4) vikum frá því að gagnaðila barst skrifleg tilkynning um ágreininginn. Takist ekki að leysa ágreininginn á þeim tíma geta aðilar vísað deilunni til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Öllu ofangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan rafrænt með fullgildum rafrænum skilríkjum. Dagsetning samnings er dagsetning undirritunarstimpils rafrænnar undirritunar.

Fh. Íslenskt staðfest ehf.

Fh. Notanda